

Þriðjudaginn 12. febrúar 1985.

Nr. 146/1983. **Protabú Byggingafélagsins Reynis h/f**

(Þórólfur Kristján Beck hrl.)

gegn

Almennum Tryggingum h/f

(Guðmundur Pétursson hrl.)

og

Félagsstofnun stúdenta

(Jón St. Gunnlaugsson hrl.)

Lögbann. Verktrygging. Aðild. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. ágúst 1983. Hann gerir þær dómkröfur, „að lögbann fógetaréttar Reykjavíkur við því að Almennar Tryggingar h/f greiði Félagsstofnun stúdenta við svo búið og þar til viðhlítandi gögn liggja fyrir kröfur þær er stofnunin gerir um greiðslu tryggingarfjár vegna tveggja verksamninga um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja-Garðs samkvæmt úrskurði dags. 21. desember 1982, verði staðfest“.

Hann krefst þess og „að viðurkennt verði með dómi að Almennum Tryggingum h/f sé eigi heimilt gagnvart áfrýjanda að greiða Félagsstofnun stúdenta fébótakröfu stofnunarinnar að fjárhæð kr. 400.000,00 vegna verktrygginga samkvæmt sömu verksamningum á grundvelli þeirra gagna er fyrir lágu hjá Almennum Tryggingum h.f. er lögbanns var beðist.“

Enn fremur er krafist málskostnaðar úr hendi Almennra Trygginga h/f í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þá kveður áfrýjandi áfrýjun málsins einnig beint gegn Félagsstofnun stúdenta í því skyni, að málsúrslit í Hæstarétti verði einnig bindandi fyrir hana, en hann gerir ekki sérgreindar kröfur á hendur stofnuninni.

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, krefst staðfestingar héraðs-dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu Félagsstofnunar stúdenta eru gerðar þær dómkröfur, að kröfum áfrýjanda á hendur henni verði vísað frá Hæstarétti og að „meðstefndi Almennar Tryggingar h/f verði sýknaðar af kröfum áfrýjanda“.

Bú Byggingafélagsins Reynis h/f var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 25. apríl 1984. Hefur þrotabúið tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 14. gr. laga nr. 28/1981 og 58. gr. laga nr. 75/1973.

I.

Aðild Félagsstofnunar stúdenta að málinu.

Svo sem í héraðsdómi greinir, skoraði stefndi, Almennar Tryggingar h/f, hinn 6. mars 1983 á Félagsstofnun stúdenta að veita sér allan þann styrk í málinu, sem stofnuninni væri frekast mögulegur samkvæmt 52. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 50. gr. sömu laga. Segir síðan í héraðsdómi, að Félagsstofnun stúdenta hafi orðið við áskorun þessari og krefjist þess, að fallist verði á kröfur stefnanda (á að vera stefnda), Almennra Trygginga h/f, um synjun á staðfestingu lögbannsins. Að öðru leyti séu ekki gerðar kröfur af hálfu Félagsstofnunar stúdenta og ekki séu gerðar kröfur á hendur stofnuninni í málinu af hálfu aðilja.

Samkvæmt 52. gr. 1. 85/1936 getur aðili einkamáls tilkynnt þriðja manni um mál og skorað á hann að veita sér styrk. Þann styrk má veita utan réttar, svo sem með aðstoð við gagnaöflun eða annað, sem þriðji maður kann að eiga auðveldara með en málsaðili, eða með því að gerast málsaðili samkvæmt heimild í 50. gr. sömu laga. Í áskorun stefnda frá 6. mars 1983 vísaði hann einmitt til 50. gr. laganna um meðalgöngu. Félagsstofnun stúdenta hefur ekki gerst aðili máls þessa samkvæmt heimild í 50. gr. laga nr. 85/1936, hvorki með stefnu né bókun í þingbók samkv. ákvæði 1. mgr. 104. gr. 1. 85/1936, en þriðji maður verður ekki sjálfkrafa aðili dómsmáls, sem aðrir eiga í, þó að hann fái áskorun frá málsaðilja samkvæmt 52. gr. margnefndra laga og hefji einhver afskipti af því eða mæti á dómþingi.

Félagsstofnun stúdenta er því ekki aðili máls þessa. Getur hún því ekki gert kröfur, og eigi verða heldur gerðar kröfur á hendur henni. Ber því að vísa frá héraðsdómi kröfum hennar á hendur

málsaðiljum, svo og vísa frá Hæstarétti áfrýjun málsins að því er Félagsstofnun stúdenta varðar.

II.

Héraðsdómur er upp kveðinn 12. júlí 1983. Viðstaddur dómsuppsögu var málflutningsumboðsmaður stefnanda í héraði og gerðarhafa, Byggingafélagsins Reynis h/f. Áfrýjunarstefna í málinu var út gefin 3. ágúst 1983. Var lögbannið þá niður fallið samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 23. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 18/1949, sbr. 27. gr. sömu laga. Verður kröfu áfrýjanda um staðfestingu lögbannsins því ex officio vísað frá Hæstarétti.

III.

Það er á valdi og áhættu stefnda, Almennra Trygginga h/f, hvort hann greiðir Félagsstofnun stúdenta meira fé en honum kann að vera skylt samkvæmt verktryggingu sinni og getur framkafið áfrýjanda um samkvæmt samningi þeirra á milli um verktrygginguna, rétt skýrðum og fylltum eftir þeim réttarreglum, sem um hann gilda. Brast lagaskilyrði til þess samkvæmt 26. gr. laga nr. 18/1949, að Byggingafélagið Reynir h/f fengi lagt lögbann við því, að stefndi innti af hendi greiðslu þess fjár til Félagsstofnunar stúdenta, sem hann var sjálfur reiðubúinn til að greiða, og eigi eru skilyrði til þess að veita áfrýjanda dómgildinu fyrir kröfum sínum að öðru leyti.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta niðurstöðu hans um sýknu stefnda af kröfu áfrýjanda um viðurkenningu á því, að stefnda sé eigi heimilt að greiða Félagsstofnun stúdenta kröfu stofnunarinnar að fjárhæð 400.000,00 krónur vegna verktrygginga samkvæmt verk-samningum um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja Garðs á grundvelli gagna þeirra, sem lágu fyrir, er lögbanns var beiðst.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda, Almennum Tryggingum h/f, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en hann þykir hæfilega ákveðinn samtals 90.000,00 krónur.

Það athugast, að í lögbannsúrskurðinum, sem upp var kveðinn 21. desember 1982, án forsendna skv. 2. mgr., sbr. 3. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga 28/1981, er eigi skilgreint sérstaklega, að hverju lögbannsgerðin beinist.

D ó m s o r ð:

Kröfum Félagsstofnunar stúdenta á hendur málsaðiljum er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjun þrotabús Byggingafélagsins Reynis h/f á hendur Félagsstofnun stúdenta er vísað frá Hæstarétti.

Kröfu áfrýjanda um staðfestingu lögbanns frá 22. desember 1982 er vísað frá Hæstarétti.

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda um viðurkenningu á því, að stefnda sé eigi heimilt að greiða Félagsstofnun stúdenta kröfur stofnunarinnar að fjárhæð 400.000,00 krónur vegna verktrygginga samkvæmt verksamningum um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja Garðs á grundvelli gagna þeirra, sem lágu fyrir, er lögbanns var beiðst.

Áfrýjandi greiði stefnda, Almennum Tryggingum h/f, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 90.000,00 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég fellst á atkvæði meiri hluta dómenda að undanskildum I. kafla þess um málsaðild Félagsstofnunar stúdenta svo og dómsorðinu. Í stað þess, er segir í I. kafla atkvæðisins tek ég fram:

Undir rekstri málsins í héraði skoraði stefndi, Almennar Tryggingar h/f á Félagsstofnun stúdenta með skírskotun til heimildar í 52. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 50. gr. sömu laga, að veita sér styrk í málinu. Varð hún við þeirri áskorun með því að láta mæta á dómþingum, leggja fram í dómi skriflegar kröfur um, að hrundið yrði kröfu áfrýjanda um staðfestingu lögbanns ásamt rökstuðningi fyrir þeirri kröfu sinni svo og með því síðar að leggja fram nokkur skjalgögn og reifa sjónarmið sín Almennum Tryggingum h/f til styrktar við munnlegan flutning máls.

Félagsstofnun stúdenta hafði ótvíræðra hagsmuna að gæta af því, að krafa áfrýjanda um staðfestingu lögbanns næði ekki fram að ganga, og dómur þannig felldur, að ekki yrði raskað rétti hennar

til fjárheimtu úr hendi Almennra Trygginga h/f, sbr. 50. gr. laga nr. 85/1936. Tel ég, að með því að leggja fram á dómþingi skriflegar kröfur sínar án mótmæla aðilja og með samþykki dómarans hafi Félagsstofnunin nægilega gengið inn í málið Almennum Tryggingum h/f til styrktar og hagsmunum sínum til verndar, sbr. og 2. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Er því ekki ástæða til að vísa meðalgöngu-sök hennar sjálfkrafa frá héraðsdómi fyrir þá sök, að hún gekk ekki inn í málið með sérstakri stefnu á hendur málsaðiljum, eða ekki var skýrlega skráð í þingbók, að hún hygðist láta málið til sín taka.

Áfrýjandi hefur stefnt Félagsstofnuninni fyrir Hæstarétt í því skyni, að dómur Hæstaréttar „verði bindandi úrslit sakarefnis þess, sem skotið er nú til réttarins, milli áfrýjanda og Félagsstofnunar stúdenta,“ eins og í stefnunni segir. Hann hefur þó engar dómkröfur gert á hendur henni, og hún hefur engar dómkröfur gert sér til handa, en tekið undir kröfur stefnda, Almennra Trygginga h/f. Var henni þetta heimilt, þar sem henni var stefnt fyrir Hæstarétt, svo sem sagt var, en ekki eru efni til að ljúka sérstöku dómsorði á þennan þátt málsins.

Dómsorð tel ég að ætti að vera þannig:

Kröfu áfrýjanda, Þrotabús Byggingafélagsins Reynis h/f, um staðfestingu á framangreindri lögbannsgærd er vísað frá Hæstarétti.

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, á að vera sýkn af öðrum kröfum áfrýjanda í málinu.

Áfrýjandi greiði stefnda, Almennum Tryggingum h/f, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 90.000,00 krónur að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júlí 1983.

Mál þetta, sem var dómtekið 16. júní sl., hefur Byggingafélagið Reynir h.f., Bolholti 6, Reykjavík, 7312-7025, höfðað á bæjarþingi 13. janúar 1983 á hendur Almennum Tryggingum h.f., Síðumúla 39, Reykjavík, 0267-3363, til staðfestingar á lögbanni.

Með verksamningum, dags. 12. mars og 16. júní 1982, tók stefnandi að sér 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja stúdentagarðsins fyrir Félagsstofnun stúdenta. Verksamningarnir byggðust á útboði. Í verksamningunum er kveðið svo á, að stefnandi skyldi afhenda verkkaupa verktryggingu frá Almennum Tryggingum h.f., samtals að fjárhæð kr. 400.000,00.

Þann 8. mars og 16. júní 1982 gaf stefndi út verktryggingu til Félags-

stofnunar stúdenta, þar sem hann ábyrgðist stofnuninni greiðslu á samtals kr. 400.000,00 til tryggingar fyrir því, að Byggingafélagið Reynir h.f. innti af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki.

Stefnandi vanefndi verksamningana og tilkynnti Félagsstofnun stúdenta með bréfi 2. nóvember 1982, að hann gæti ekki lengur haldið áfram verki sínu. Þann 3. nóvember 1982 krafðist Félagsstofnun stúdenta greiðslu tryggingarfjárins úr hendi stefnda. Bréfi þessu fylgdu lauslegar greinargerðir um forsendur kröfunnar, en nákvæmara uppgjör á verk- og greiðslustöðu, sem væntanlega yrði unnið í samráði við stefnanda, var boðað síðar, ef fram á það yrði farið, ásamt uppgjöri eða nánara mati á tjóni stofnunarinnar. Í fylgigögnum kom fram, að tjónið var talið nema verulega miklu meiru en fjárhæð tryggingarfjárins. Þann 3. desember 1982 samþykkti stefnandi úttekt Félagsstofnunar á verkstöðu með fyrirvara varðandi verðákvörðun einstakra þátta, og þann 7. desember var af hálfu Félagsstofnunar gengið frá uppgjöri, þar sem fram kemur, að tjón Félagsstofnunar vegna vanefnda stefnanda sé samtals kr. 513.506,00, þegar tryggingarfé að upphæð kr. 400.000,00 hefði verið greitt. Þá var leigutap á Nýja Garði veturinn 1982-1983 áætlað kr. 488.000,00.

Þann 14. desember 1982 ritaði stefnandi stefnda bréf, þar sem þeirri skoðun var lýst, að bótakröfur verkkaupa ættu ekki við gild rök að styðjast og væru ekki á neinn hátt réttmætar. Áskildi stefnandi sér rétt til þess að krefjast lögbanns við greiðslu tryggingarfjárins, og þann 15. desember 1982 ritaði stefnandi yfirborgarfégetanum í Reykjavík bréf, þar sem þess var krafist, að lögbann yrði lagt við því, að Almennar Tryggingar h.f., greiddu Félagsstofnun stúdenta — við svo búið og þar til viðhlitandi gögn lægju fyrir um meint fjártjón — kröfur þær, er stofnunin gerði um greiðslu tryggingarfjárins vegna verksamninga um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja Garðs.

Af hálfu gerðarþola, stefnda í máli þessu, var þess krafist, að synjað yrði um framgang lögbannsins, og því lýst yfir, að félagið væri reiðubúið til að inna greiðslu af hendi þegar í stað. Þann 21. desember 1982 var kveðinn upp svolátandi úrskurður í fógetadómi Reykjavíkur: „Umbedin lögbannsgerð fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn 15.000,00 kr. tryggingu er gild verði metin“. Þann 22. desember 1982 lagði fógeti „lögbann, á ábyrgð gerðarbeiðanda, við því að Almennar Tryggingar h.f. greiði Félagsstofnun stúdenta, við svo búið og þar til viðhlitandi gögn liggja fyrir um meint fjártjón, kröfur þær er stofnunin gerir um greiðslu tryggingarfjár vegna verksamninga um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja Garðs“. Hafði þá verið lögð fram 15.000,00 króna lögbannstrygging af hálfu gerðarbeiðanda.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að lögbannið verði staðfest og að viður-

kennt verði með dómi, að Almennum Tryggingum h.f. sé eigi heimilt gagnvart stefnanda að greiða Félagsstofnun stúdenta fébótakröfur hennar að fjárhæð kr. 400.000,00 vegna verktryggingar samkvæmt tveimur verkсамningum um endurbætur á Nýja Garði á grundvelli þeirra gagna, er fyrir lágu hjá Almennum Tryggingum, er ofangreinds lögbanns var beiðst. Krafist er málskostnaðar úr hendi Almennra Trygginga h.f. vegna máls þessa og undangengins lögbanns samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að stefndi verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda, þ.e. að synjað verði um staðfestingu á lögbanninu.

2. Að stefndandi verði dæmdur til að greiða stefnda miskabætur að fjárhæð kr. 15.000,00.

3. Að stefndandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Þann 6. mars 1983 skoraði stefndi á Félagsstofnun stúdenta að veita sér allan þann styrk í málinu, sem stofnuninni væri frekast mögulegur, samkvæmt 52. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 50. gr. sömu laga. Félagsstofnun stúdenta hefur orðið við áskorun þessari og krefst þess, að fallist verði á kröfur stefnanda (sic), Almennra Trygginga h.f., um synjun á staðfestingu lögbannsins. Að öðru leyti eru ekki gerðar kröfur af hálfu Félagsstofnunar, og ekki eru gerðar kröfur á hendur stofnuninni í málinu af hálfu aðilja.

Meginmálsástæða stefnanda er sú, að stefnda hafi borið gagnvart stefnanda að krefjast þess, að verkkaupi styddi fébótakröfur sínar fullnægjandi rökum, þ.m.t. áliti hlutlausra aðilja, ef ástæða sé til að draga réttmæti kröfugerðar verkkaupa í efa. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að kröfur Félagsstofnunar séu allt of háar og eins að krafist sé greiðslu á þáttum, sem ekki séu tryggðir með verktryggingunni, t.d. með dags sektum og févítí; lögmætar fébætur á hendur byggingafélaginu geti samkvæmt þessu eigi numið hærri fjárhæð en svari til inneignar verktaka hjá verkkaupa vegna nefndra verka; tryggingafélaginu beri því að synja um greiðslu við svo búið og krefjast þess, að verkkaupi leggi fram gögn frá hlutlausum aðiljum, er séu fallin til að varpa ljósi á meint tjón hans. Ennfremur hefur því verið hreyft af hálfu stefnanda, að sá möguleiki sé fyrir hendi, að tryggingafélagið bjóði verkkaupa greiðslu á þeim fébótum, er sérfræðingar þess áætli réttar.

Af stefnda hálfu hefur vilji til greiðslu tryggingarfjárins verið ítrekaður og bótakrafan verið rökstudd með því að lögbannið sé fallið til að valda félaginu álitsspjöllum, sem það kunni að verða fyrir, þegar það spyrst, að það greiði ekki réttmætar tryggingarbætur.

Af hálfu Félagsstofnunar stúdenta hefur komið fram í málinu, að synja hefði átt um framgang lögbannsins samkvæmt 5. tl. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949. Þá er því haldið fram, að með ábyrgðaryfirlýsingunum hafi stofnast beint réttarsamband milli stefnda og Félagsstofnunar stúdenta, þannig að það sé algjörlega málefni váttryggingafélagsins og verkkaupa, hvort félagið greiðir verkkaupa ábyrgðarféð; stefnandi geti á hinn bóginn ekki komið í veg fyrir, að verkkaupi sæki féð í hendur félagsins; stefnanda sé engin nauðsyn lögbanns til að gæta hagsmuna sinna, enda sé lögbann við tegundargreiðslu ósergreinds fjár óheimilt, auk þess sem það hljóti að standa staðfestingu lögbannsins í vegi, að stefnandi beindi lögbannskröfu sinni ekki gegn Félagsstofnun stúdenta, sem þó átti hagsmuni þá, sem lögbannskrafan beindist að.

Fram hefur komið, að fógeti tilkynnti lögmanni Félagsstofnunar stúdenta um lögbannskröfuna og stað og stund þinghalds, en lögmaðurinn hefur lýst því yfir í málinu, að hann hafi ekki haft umboð til að taka við tilkynningunni fyrir hönd stofnunarinnar.

Af hálfu stefnanda hefur bótakröfu stefnda aðallega verið mótmælt á þeim grundvelli, að ekki hafi verið gagnstefnt, auk þess sem ósannað sé, að bótaskilyrði séu fyrir hendi.

Í útboðslýsingu segir, að verkkaupa skuli heimilt að taka út tryggingarféð án samþykkis verktaka og nota andvirðið til lagfæringa á göllum á verkinu, sem fram kunni að koma á verktímanum. Í verksamningunum er svohljóðandi ákvæði: „Verkkaupa er heimilt að krefjast fjárins að einhverju eða öllu leyti án samþykkis verktaka og nota andvirðið til lagfæringa á göllum er fram kunna að koma á verkinu eða til greiðslu á kostnaði eða tjóni sem verkkaupi hefur orðið fyrir vegna vanefnda verktaka“.

Í verktryggingunni frá 8. mars 1982 segir, að verkkaupi geti krafist greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti án undangengins úrskurðar, verði það nauðsynlegt vegna vanefnda verktakans við framkvæmd verksamnings, og í síðari verktryggingunni segir, að verkkaupi geti krafist tryggingafélagið um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, verði það nauðsynlegt vegna vanefnda verktaka. Í samningi stefnanda og Félagsstofnunar stúdenta, dags. 21. september 1982, segir svo: „Komi í ljós þegar gengið verður frá uppgjöri við lok verksins, að Byggingafélagið Reynir h.f. hafi fengið greitt fyrir verkið umfram það sem því ber samkvæmt tilboði þessu, að meðreiknuðum hugsanlegum dagsektum, mun Félagsstofnun stúdenta taka mismuninn af tryggingarfé vegna verksins án frekari viðvarana.“

Í byrjun desember s.l., virðist Félagsstofnun stúdenta hafa látið trygg-

ingafélaginu í té nákvæmar og sundurliðaðar greinargerðir um tjón sitt, byggðar á úttekt, sem samþykkt var af verktaka einungis með nokkrum athugasemdum viðvíkjandi verðlagningu.

Í 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 er mælt svo fyrir, að dómar og úrskurðir skuli vera svo glöggir og skýrir sem kostur er á. Ekki má skírskota til sannana eða atvika er síðar kunna að koma fram, nema að því leyti sem málsúrslit eiga að velta á eiði eða drengskaparheiti. Ákvæði þetta tekur til málsmeðferðar fyrir fógatarétti samkvæmt 223. gr. sömu laga. Krafa stefnanda fyrir fógetaðóminum var um lögbann, „við svo búið og þar til viðhlítandi gögn liggja fyrir um fjártjón“. Kröfugerð þessi var með þeim hætti, að úrskurður varð ekki á henni byggður vegna nefndra lagaákvæða, þannig að fógeta var rétt að vísa kröfugerð þessari frá fógetaðóminum eða öllu fremur að synja um framgang lögbannsins. Þegar af þessari ástæðu þykir verða að hafna kröfu stefnanda um staðfestingu lögbannsins. Annar liður kröfugerðar stefnanda virðist í raun vera sama efnis og staðfestingarkrafan, og þykja þá ekki efni til að vísa þeirri kröfu frá ex officio. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir bera að hrinda öllum kröfum stefnanda í málinu. Ekki þykja vera skilyrði til að fallast á kröfu stefnda um miskabætur, en hins vegar þykir stefndi eiga kröfu á málskostnaði úr hendi stefnanda, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h.f., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Byggingafélagsins Reynis h.f., í málinu. Framangreint lögbann er felld úr gildi.

Stefnandi greiði stefnda kr. 40.000,00 í málskostnað.